

Helstu liðir í efnahagsreikningi Seðlabanka Íslands

Meðfylgjandi eru upplýsingar úr efnahagsreikningi Seðlabanka Íslands í lok júní 2002 og til samanburðar í lok desember 2001 ásamt breytingum í júní 2002 og frá ársbyrjun 2002.

Gjaldeyrisforði Seðlabankans dróst saman um 1 milljarð króna í júní og nam 35,4 milljörðum króna í lok mánaðarins (jafnvirði 410 milljóna Bandaríkjadala á gengi í mánaðarlok). Erlend skammtímalán bankans hækkuðu um 0,4 milljarða króna í mánuðinum og námu 15,4 milljörðum króna í lok hans. Gengi íslensku krónunnar styrktist í mánuðinum um 1,4% og hefur þar með styrkst um 10% frá áramótum.

Markaðsskráð verðbréf í eigu bankans námu 4,6 milljörðum króna í júnílok miðað við markaðsverð. Þar af námu markaðsskráð verðbréf ríkissjóðs 1,7 milljarði króna.

Kröfur Seðlabankans á innlánsstofnanir jukust um 4,6 milljarða króna í júní og námu 83,4 milljörðum króna í lok mánaðarins. Kröfur á aðrar fjármálastofnanir breyttust lítið í mánuðinum og námu 5,6 milljörðum króna í mánaðarlok.

Nettókröfur bankans á ríkissjóð og ríkisstofnanir hækkuðu um 0,9 milljarða króna í júní og voru neikvæðar um 29,4 milljarða króna í lok mánaðarins, þ.e. nettóinnstæður ríkissjóðs námu 29,4 milljörðum króna.

Grunnfé bankans jókst um 3,6 milljarða í júní og nam það 39,9 milljörðum króna í mánaðarlok.

Nánari upplýsingar veita bankastjórar Seðlabanka Íslands og Erla Árnadóttir aðalbókari í síma 569-9600.

Helstu liðir í efnahagsreikningi Seðlabankans
Í milljónum króna

	Staða í lok tímabils		Hreyfingar 2002	
	Desember 2001	Júní 2002	Frá ára- mótum	Í júní
<u>Eignaliðir :</u>				
Gjaldeyrisforði	36.573	35.353	-1.220	-1.046
Markaðsskráð verðbréf	5.099	4.639	-460	10
Ríkissjóðs	2.144	1.685	-460	10
Annarra	2.954	2.954	0	0
Kröfur á innlánsstofnanir	54.053	83.378	29.325	4.632
Kröfur á aðrar fjármálastofnanir	22.774	5.574	-17.200	2
<u>Skuldaliðir:</u>				
Erlendar skuldir til skamms tíma	14.979	15.377	398	366
Seðlar og mynt	9.174	9.336	162	244
Almennar innstæður innlánsstofnana	965	1.279	314	150
Staða á bindireikningum innlánsstofnana	17.678	29.246	11.568	3.169
Almennar innstæður annarra fjármálastofnana	837	1.170	333	681
Staða á bindireikningum annarra fjármálastofnana	1.288	1.393	105	171
<u>Liðir til skýringar :</u>				
Gjaldeyrisstaða Seðlabankans, nettó:	21.595	19.977	-1.618	-1.412
Kröfur á ríkissjóð og ríkisstofnanir, nettó:	-31.099	-29.378	1.721	905
Kröfur á aðra, brúttó	76.932	89.017	12.085	4.604
Grunnfé:	27.817	39.861	12.045	3.563

Skýringar:

Gjaldeyrisforði sýnir brúttóeign Seðlabankans í erlendum gjaldeyri. Markaðsskráð verðbréf ríkissjóðs sýna eign bankans í spariskírteinum ríkissjóðs, ríkisbréfum og ríkisvixlum. Markaðsskráð verðbréf annarra eru húsbref og húsnæðisbréf. Kröfur á innlánsstofnanir eru brúttókröfur bankans á innlánsstofnanir. Kröfur á aðrar fjármálastofnanir eru brúttókröfur bankans á þessar stofnanir. Erlendar skuldir til skamms tíma sýna skammtímalán sem Seðlabankinn tekur við og við, m.a. í því skyni að styrkja gjaldeyrisfordann. Seðlar og mynt sýna heildarfjárhæð seðla og myntar í umferð utan Seðlabanka. Almennar innstæður innlánsstofnana og annarra fjármálastofnana eru innstæður þeirra á viðskiptareikningum í Seðlabankanum og bundnar innstæður innlánsstofnana og annarra fjármálastofnana eru innstæður sem þeim er skylt að eiga í Seðlabankanum í samræmi við bindiskyldu sem bankinn ákveður. Neðanmáls eru sýndir fjórir liðir til skýringar, í fyrsta lagi nettógjalddeyrisstaða Seðlabankans sem sýnir erlendar eignir til skamms tíma að frádregnum erlendum skuldum til skamms tíma, í öðru lagi nettókröfur Seðlabankans á ríkissjóð og ríkisstofnanir, þ.e. skuldir þessara aðila við Seðlabankann að frádregnum innstæðum þeirra í bankanum, í þriðja lagi innlendar brúttókröfur á aðra en ríkið, og í fjórða lagi grunnfé bankans en til þess teljast seðlar og mynt í umferð og innstæður innlánsstofnana í Seðlabankanum.